# Miðvikudagur 26. apríl



## SJÓNVARPIÐ

16.30 **Fræðsluvarp.** 1. Evrópski listaskólinn (1). Sænskur fræðsluþáttur í fjórum þáttum um myndlist. (48 mín.). 2. Alles Gute 23. þáttur (15 mín.). Þýskukennsla fyrir byrjendur. 3. Fararheill til framtíðar.
17.50 **Sumarglugginn.** Endursýndur þáttur frá sl. sunnudegi. Umsjón Árný Jóhannsdóttir.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Poppkorn.** Umsjón Stefán Hilmarsson.
19.20 **Svarta naðran.** (Blackadder). Fyrsti þáttur. Nýr breskur gamanmyndaflokkur þar sem fjallað er á meinfyndinn hátt um breska aðalinn fyrr á öldum. Aðalhlutverk Rowan Atkinson, Tim McInnery, Tony Robinson og Peter Cook. Þýðandi Gunnar Þorsteinsson.
19.54 **Ævintýri Tinna.**
20.00 **Fréttir cg veður.**
20.30 **Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 1989.** Lögin í úrslitakeppninni kynnt.
20.45 **Grænir fingur.** Nýr íslenskur þáttur um garðrækt í umsjón Hafsteins Hafliðasonar.
21.00 **Taggart.** (Taggart – Dead Giveaway). Ókeypis dauði – Lokaþáttur. Taggart lögregluforingi rannsakar óvenjulegt morðmál. Þýðandi Gauti Kristmannsson.
21.55 **Fjölleikahúsið.** (Parade). Frönsk gamanmynd frá 1974 í leikstjórn Jacques Tati sem einnig leikur aðalhlutverk. Sirkuslíf er viðfangsefni Tati í þetta sinn, og lýsir hann því á sinn einstæða hátt.
23.00 **Ellefufréttir.**
23.10 **Fjölleikahúsið – framhald.**
23.30 **Íþróttir.** Sýndar svipmyndir frá leik Íslendinga og Finna í Norðurlandamótinu í körfuknattleik.
23.55 **Dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

15.45 **Santa Barbara.**
16.30 **Laumuspil.** Hanky Panky. Spennumynd í gamansömum dúr sem fjallar um saklaust par sem óvart flækist inn í hættuleg sakamál og er hundelt af alþjóðlegum glæpahring. Aðalhlutverk: Gene Wilder, Gilda Radner, Kathleen Quinlan og Richard Widmark. Leikstjóri: Sidney Poitier. Ekki við hæfi barna.
18.10 **Topp 40.** Evrópski listinn.
19.19 **19:19.** Fréttir og fréttaumfjöllun, íþróttir og veður ásamt fréttatengdum innslögum.
20.30 **Skýjum ofar.** Reaching for the Skies. Mjög athyglisverður myndaflokkur í tólf þáttum um flugið. 10. þáttur. CBS.
21.35 **Af bæ í borg.** Gamanmyndaflokkur um frændurna Larry og Balki.
22.00 **Spenna í loftinu.** Thin Air. Leikstjóri: Antonia Bird.
22.55 **Viðskipti.** Íslenskur þáttur um viðskipti og efnahagsmál í umsjón Sighvats Blöndahl og Ólafs H. Jónssonar.
23.20 **Heima er best.** How Green Was My Valley. Margföld óskarsverðlaunamynd eftir leikstjórann John Ford sem gerist í kolanámubæ í Wales. Aðalhlutverk: Walter Pidgeon, Maureen O'Hara og Roddy MacDowall. Leikstjóri: John Ford.
1.15 **Dagskrárlok.**

## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, sr. Þórhildur Ólafs flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið með Ingveldi Ólafsdóttur.** Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Lesið úr forustugreinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn** – Sagan af Hildi góðu stjúpu. Sigurgeir Hilmar Friðþjófsson les úr Þjóðsögum Jóns Árnasonar. Fyrri hluti. (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
9.20 **Morgunleikfimi.** Umsjón: Halldóra Björnsdóttir.
9.30 **Íslenskur matur.** Kynntar gamlar íslenskar mataruppskriftir sem safnað er í samvinnu við hlustendur og samstarfsnefnd um þessa söfnun. Sigrún Björnsdóttir sér um þáttinn.
9.40 **Landpósturinn** – Frá Vestfjörðum. Umsjón: Finnbogi Hermannsson.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Óskastundin.** Helga Þ. Stephensen kynnir efni sem hlustendur hafa óskað eftir að heyra, bókarkafla, smásögur og ljóð. Tekið er við óskum hlustenda á miðvikudögum milli kl. 17.00 og 18.00.
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Bergþóra Jónsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
11.53 **Dagskrá.**
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
13.05 **Í dagsins önn** – Atvinna kvenna í dreifbýli. Umsjón: Hilda Torfadóttir. (Frá Akureyri)
13.35 **Miðdegissagan:** „Brotið úr töfraspeglinum" eftir Sigrid Undset. Arnfríður Sigurðardóttir þýddi. Þórunn Magnea Magnúsdóttir byrjar lesturinn.
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Norrænir tónar.**
14.35 **Íslenskir einsöngvarar og kórar.** Svala Nielsen, Þjóðleikhúskórinn, Hreinn Pálsson og Karlakórinn Vísir á Siglufirði syngja íslensk og erlend lög.
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Hugurinn ber þig hálfa leið.** Tölvur í íslenskum iðnaði. Umsjón: Jón Gunnar Grjetarsson. (Endurtekinn þáttur frá mánudagskvöldi.)
15.45 **Þingfréttir.**
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin Dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið.** Umsjón: Sigurlaug M. Jónasdóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Mendelssohn og Mozart.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Á vettvangi.** Umsjón: Bjarni Sigtryggsson, Guðrún Eyjólfsdóttir og Páll Heiðar Jónsson. Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.**
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Kviksjá.** Þáttur um menningarmál. Umsjón: Friðrik Rafnsson og Halldóra Friðjónsdóttir.
20.00 **Litli barnatíminn** – Sagan af Hildi góðu stjúpu. Sigurgeir Hilmar Friðþjófsson les úr Þjóðsögum Jóns Árnasonar. Fyrri hluti. (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Nútímatónlist.** Þorkell Sigurbjörnsson kynnir verk samtímatónskálda.
21.00 **Smásögur.** – „Hermaðurinn og stúlkan" eftir Martin A. Hansen. Sigurjón Guðjónsson þýddi. – „Saklaust gaman" eftir Anton Tsjekov. Lesari: Þórdís Arnljótsdóttir.
21.30 **Starfsmenntun unglinga.** Umsjón: Ásgeir Friðgeirsson. (Endurtekinn þáttur frá sl. föstudegi úr þáttaröðinni „Í dagsins önn".)
22.00 **Fréttir.** Dagskrá morgundagsins. Orð kvöldsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.30 **Mannréttindavernd á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.** Umsjón: Guðrún Eyjólfsdóttir. (Einnig útvarpað á föstudag kl. 15.03.)
23.10 **Djassþáttur.** - Jón Múli Árnason.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Samhljómur.** Umsjón: Bergþóra Jónsdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
01.00 **Veðurfregnir.** Næturútvarp á samtengdum rásum til morguns.

## RÁS 2 FM 90,1

01.10 **Vökulögin.**
7.03 **Morgunútvarpið.** Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum, spyrja tíðinda víða um land, tala við fólk í fréttum og fjalla um málefni líðandi stundar. Fréttir kl. 8.00, veðurfregnir kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.
9.03 **Stúlkan sem bræðir íshjörtun,** Eva Ásrún kl. 9. Morgunsyrpa Evu Ásrúnar Albertsdóttur. – Afmæliskveðjur kl. 10.30.
11.03 **Stefnumót.** Jóhanna Harðardóttir tekur fyrir það sem neytendur varðar á hvassan og gamansaman hátt.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.15 **Heimsblöðin.**
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu.** Gestur Einar Jónasson leikur þrautreynda gullaldartónlist og gefur gaum að smáblómum í mannlífsreitnum.
14.05 **Milli mála,** Óskar Páll á útkíkki og leikur ný og fín lög. – Útkíkkið upp úr kl. 14 og rætt við sjómann vikunnar.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp fyrir þá sem vilja vita og vera með. Stefán Jón Hafstein, Ævar Kjartansson, Guðrún Gunnarsdóttir og Sigríður Einarsdóttir. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00, hlustendaþjónustan kl. 16.45. – Bréf af landsbyggðinni berst hlustendum eftir kl. 17. – Stórmál dagsins milli kl. 17 og 18.
18.03 **Þjóðarsálin.** Þjóðfundur í beinni útsendingu. Málin eins og þau horfa við landslýð. Sími þjóðarsálarinnar er 91 38500.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Íþróttarásin.** Umsjón: Íþróttafréttamenn og Georg Magnússon.
22.07 **Á rólinu.** með Önnu Björk Birgisdóttur.
01.10 **Vökulögin.** Tónlist af ýmsu tagi í næturútvarpi til morguns.

## FM 98,9 BYLGJAN

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist.
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Valdís er með hlutina á hreinu og leikur góða blöndu af þægilegri og skemmtilegri tónlist eins og henni einni er lagið.
14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Óskalögin, kveðjurnar, nýjustu lögin, gömlu góðu lögin, allt á sínum stað. Bjarni Ólafur stendur alltaf fyrir sínu.
18.10 **Reykjavík síðdegis. Hvað finnst þér?** Hvað er efst á baugi? Þú getur tekið þátt í umræðunni og lagt þitt til málanna í síma 61 11 11. Þáttur sem dregur ekkert undan og menn koma til dyranna eins og þeir eru klæddir þá stundina. **Ómar Valdimarsson** stýrir umræðunum.
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist – minna mas.
20.00 **Haraldur Gíslason.** Ný og góð tónlist, kveðjur og óskalög.
24.00 **Næturdagskrá.**
Fréttir á Stjörnunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.

## Stjarnan FM 102,2 & 104

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist.
10.00 **Jón Axel Ólafsson.** Leikir, tónlist og ýmislegt létt sprell með hlustendum. Jón Axel leikur nýjustu lögin og kemur kveðjum og óskalögum hlustenda til skila.
14.00 **Gunnlaugur Helgason.** Leikur hressa og skemmtilega tónlist við vinnuna. Gunnlaugur tekur hress viðtöl við hlustendur, leikur kveðjur og óskalög í bland við ýmsan fróðleik.
18.10 **Íslenskir tónar.** Þessi geysivinsæli dagskrárliður hefur verið endurvakinn vegna fjölda áskorana. Gömul og góð íslensk lög leikin ókynnt í eina klukkustund.
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist – minna mas.
20.00 **Haraldur Gíslason.** Ný og góð tónlist, kveðjur og óskalög.
24.00 **Næturstjörnur.**
Fréttir á Stjörnunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.

## Rót ÚTVARP FM 106,8

9.00 **Rótartónar.** Leikin fjölbreytt tónlist fram til hádegis og tekið við óskalögum og kveðjum í síma 623666.
13.30 **Opið hús hjá Bahá'íum.** E.
14.30 **Á mannlegu nótunum.** Flokkur mannsins. E.
15.30 **Laust.**
16.00 **Samband sérskóla. E.**
16.30 **Frá verkfallsvakt BHMR.** Þessi þáttur verður meðan verkfallið stendur.
17.00 **Í Miðnesheiðni.** Samtök herstöðvaandstæðinga. E.
18.00 **Elds er þörf.** Umsjón: Vinstrisósíalistar. Um allt milli himins og jarðar og það sem efst er á baugi hverju sinni.
19.00 **Opið.** Þáttur laus til umsóknar fyrir þig.
19.30 **Heima og að heiman.** Alþjóðleg ungmennaskipti.
20.00 **FÉS.** Unglingaþáttur. Umsjón Arna.
21.00 **Barnatími.**
21.30 **Laust.**
22.00 **Við og umhverfið.** Þáttur í umsjá dagskrárhóps um umhverfismál á Útvarp Rót.
22.30 **Alþýðubandalagið.**
23.00 **Samtök græningja.** E.
23.30 **Rótardraugar.**
24.00 **Næturvakt. Meðal efnis. kl. 02.00 Hausaskak. Þungarokksþáttur. E.**

## ÚTRÁS FM 104,8

12.00 **FB.**
14.00 **FG.**
16.00 **MR.**
18.00 **MS.**
20.00 **IR.**
22.00 **FB.**
24.00 **MR.**
02.00 **Dagskrárlok.**

## ALFA FM·102,9

17.00 **Blessandi boðskapur í margvíslegum tónum.**
20.00 **Vinsældaval Alfa.** Stjórnandi: Jóhanna Benný Hannesdóttir. (Endurtekið næstkomandi laugardag.)
22.00 **Í miðri viku.** Blandaður tónlistar- og rabbþáttur. Stjórn: Alfons Hannesson.
24.00 **Dagskrárlok.**

## Útvarp HAFNARFJÖRÐUR FM91.7

18.00–19.00 **Í miðri viku.** Fréttir af íþróttafélögunum o.fl.

## SKY CHANNEL

6.30 **Viðskiptaþáttur.**
7.05 **Denni dæmalausi.**
9.30 **The Lucy Show.**
10.00 **Poppþáttur.**
11.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
11.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
12.30 **A Proplem Shared.** Fræðsluþáttur.
13.00 **Another World.** Sápuópera.
14.00 **General Hospital.** Sápuópera.
15.00 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
16.00 **Loving.**
16.30 **Family Affair.** Gamanþáttur.
17.00 **Poppþáttur.**
18.00 **The Young Doctors.**
18.30 **Three's Is a Company.** Gamanþáttur.
19.00 **Sky Star Search.** Skemmtiþáttur.
20.00 **Sale Of The Century.**
20.30 **Hey Dad.**
21.00 **Mr.** Belvedere.
21.30 **The Last Outlaw.** Framhaldsþáttur.
22.30 **Againt The Wind.**
23.30 **Jameson Tonight.**
00.30 **Matt Helm.**

## SKY CHANNEL Kvikmyndir

17.00 **Butch and Sundance.** The Early days.
19.00 **Americathon.**
21.00 **The Sure Thing.**
23.00 **Tin Men.**
0.45 **Aliens.**

## EUROSPORT

11.30 **Eurosport – What a Week! Litið á helstu viðburði síðastliðinnar viku.**
12.30 **Tennis.** Monte Carlo Open.
14.30 **Frjálsar íþróttir.** Saga maraþonhlaupsins.
15.30 **Bílasport.** Formúla 1 keppni á Ítalíu.
16.30 **Íshokkí.** Heimsmeistarakeppnin í Stokkhólmi.
17.30 **Íþróttakynning Eurosport.**
19.00 **Mazda's Eye On Sport.** Fréttir og fleira.
20.00 **Tennis.** Monte Carlo Open.
22.00 **Knattspyrna.** World Cup.
23.00 **Íshokkí.** Heimsmeistarakeppnin í Stokkhólmi.

### Rás 1 kl. 13.35

# Brotið úr töfraspeglinum

## – ný miðdegissaga

Sagan Brotið úr töfraspeglinum er eftir norsku skáldkonuna Sigrid Undset, og í dag hefst lestur þessarar sögu á Rás 1. Arnheiður Sigurðardóttir þýddi söguna á íslensku en lesari er Þórunn Magnea Magnúsdóttir leikkona.

Sigrid Undset fæddist árið 1882 á Sjálandi. Móðir hennar var dönsk í aðra ættina og skosk í hina en faðir hennar, sem var norskur, var þekktur fyrir skrif sín um fornleifafræði. Þegar Sigrid var tveggja ára fluttist fjölskyldan til Osló og þar ólst Sigrid upp við kröpp kjör. Fyrsta skáldsaga Sigrid Undset kom út er hún var hálfþrítug, árið 1907. Það var bókin Frú Marta Oulie, hispurslaus en raunsæ lýsing á hjónabandi. Sigrid skrifaði fjölda skáldsagna en þekktasta sagan er Kristín Lafransdóttir, er hún hlaut nóbelsverðlaun og heimsfrægð fyrir.

Heiti bókarinnar, Brotið úr töfraspeglinum, er tekið úr alkunnu ævintýri eftir H. C. Andersen sem segir frá töfraspegli þar sem allt hið fegursta afskræmist en hið ljóta og illa fegrast. Einkum verða gallar sérhvers hlutar ljósir í speglinum. En spegillinn brotnaði og brotin, smærri en sandkorn, flugu um veröldina alla. Þeir sem urðu fyrir því óláni að fá slíka flís í augað urðu rangsýnir á veröldina. Sagan um Unu Hjelde segir frá því hvernig hún losnar við flísina úr auga sér, lærir að sjá lífið í réttu ljósi. Þegar sagan hefst er Una ung stúlka sem á sér draum um að verða leikkona. Draumurinn rætist en þegar ástin kemur í spilið verður hún að velja á milli frama í starfi og þess að stofna fjölskyldu.

-J.Mar



Edmund er sálarlega tvístraður konugssonur sem vill komast yfir krúnu föður síns.

### Sjónvarp kl. 19.20:

# Svarta naðran

## – breskur gamanmyndaflokkur

Í kvöld hefur göngu sína í sjónvarpi nýr breskur gamanmyndaflokkur Svarta naðran (The Black Adder) en þessir þættir hafa notið mikilla vinsælda í Bretlandi undanfarna mánuði.

Í þáttunum sem eru þrjátíu mínútna langir eru skopast að bresku yfirstéttinni fyrr á öldum.

Svarta naðran, betur þekktur sem Edmund, hertogi af Edinborg- er bitur og sálarlega tvístraður kongssonur. Með hjálp aðstoðarmanna sinna, sem ekki eru af betri sortinni, reynir Edmund að láta þann draum sinn rætast að komast yfir krúnu föður síns. Þættirnir fjalla síðan um hvernig þessari baráttu hans lyktar.

-J.Mar

### Rás 1 kl. 22.30:

# Mannréttindavernd á vettvangi Sameinuðu þjóðanna

Í þessum þætti verður fjallað um Mannréttindasáttmála Evrópu. Einstaklingur í Evrópu, sem telur brotið á sér, getur kært til Strasbourgar en úrskurðir Mannréttindadómstólsins þar eru bindandi fyrir aðildarríkin.

Í Evrópu, sem er næstminnst heimsálfanna, eru mannréttindarbrot fátíð miðað við aðra heimshluta.

Í þættinum í kvöld verður reynt að varpa ljósi á mannréttindavernd á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, hvernig henni er háttað og hvaða leiðir menn hafa innan þess ramma til að ná fram réttindum sínum. Umsjón með þættinum hefur Guðrún Eyjólfsdóttir.

-J.Mar